

Afrekssjóður ÍSÍ 2023



Krefjandi umhverfi afreksstarfs

Líkt og undanfarin hefur afreksstarf sérsambanda ÍSÍ aukist ár frá ári. Fleiri landslið eru skráð til leiks og fleiri ungmenni eru að taka þátt, bæði hjá stórum afrekssérsamböndum og þeim minni. Gríðarlega ánægjuleg þróun og í samræmi við áherslur ÍSÍ um aukið afreksstarf sérsambanda. Samhliða þessu hefur kostnaður við starfið aukist. Bæði í formi fleiri flugmiða en einnig í formi mikilla verðhækkanna. Hefur mörgum sérsamböndum reynst erfitt að auka tekjur sínar til að mæta slíkum kostnaðarauka.

Einn helsti tekjuliður sérsambanda ÍSÍ er framlag Afrekssjóðs ÍSÍ og byggir aukið afreksstarf sérsambanda á því að framlag Afrekssjóðs verði aukið. Stærsti tekjuliður Afrekssjóðs er 392 mkr. framlag stjórnvalda sem hefur haldið óbreytt undanfarin ár og því rýrnað um yfir 100 mkr. að raungildi vegna verðlagsbreytinga frá því framlagið var síðast aukið árið 2019. Er því ljóst að svo afreksstarf sérsambanda geti haldið áfram að styrkjast er þörf á auknu fjármagni inn í Afrekssjóð. Hefur verið ákall um það undanfarin ár og er nú von um að það gerist innan tíðar. Í byrjun árs 2023 var myndaður starfshópur af mennta- og barnamálaráðherra, um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Hópnun var falið að yfirfara og leggja til breytingar á fyrirkomulagi, löggjöf og fjárframlagi sem þarf til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Þá skyldi hópurinn einnig skoða sérstaklega kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi bæði í eldri og yngri landsliðum.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Að loknu Íþróttþingi ÍSÍ 2023, sem haldið var dagana 5. og 6. maí 2023 var skipuð ný stjórn sjóðsins: Daníel Jakobsson formaður, Knútur G. Hauksson, Guðrún Inga Sívertsen, Þórey Edda Elísdóttir og Sigrún Ámundadóttir fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra. Kári Steinn Reynisson var starfsmaður sjóðsins. Stjórnin hélt tuttugu formlega fundi á árinu 2023 auk annarra óformlegri funda. Fjöldi funda hjá stjórn sjóðsins var mun meiri en undanfarin ár vegna endurskoðunar á reglugerð um Afrekssjóð. Í mars 2023 sagði Knútur sig úr stjórn sjóðsins og í stað hans var skipaður Stefán Jóhannesson.

Flokkun sérsambanda í afreksflokka

Skv. reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ skal Afrekssjóður ÍSÍ flokka árlega sérsambönd ÍSÍ í afreksflokka út frá skilgreindum viðmiðum. Í flokk Afrekssérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku á hæsta stigi eða hafa náð frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Í flokk Alþjóðlegra sérsambanda falla sérsambönd sem m.a. eru með reglulega þátttöku í alþjóðlegum mótum þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á stórmótum. Í flokk Þróunarsérsambanda falla þau sem ekki falla undir hina flokkana en taka þó m.a. þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi.

Vegna ársins 2023 var flokkun óbreytt frá fyrra ári að undanskildu því að Körfuknattleikssamband Íslands færðist úr flokki

FLOKKUN Í AFREKSFLOKKA 2023		
Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd
FRÍ	BFSÍ	AKÍS
FSÍ	BLÍ	BTÍ
GSÍ	BSÍ	GLÍ
HSÍ	DSÍ	HNÍ
ÍF	ÍHÍ	HRÍ
KSÍ	JSÍ	ÍSS
SKÍ	KAÍ	KÍ
SSÍ	KKÍ	MSÍ
	KLÍ	SÍL
	KRA	TKÍ
	LH	TSÍ
	LSÍ	ÞRÍ
	SKY	
	STÍ	



Afrekssársambanda í flokk Alþjóðlegra sársambanda, Lyftingasamband Íslands færðist úr flokki Þróunarsársambanda í flokk Alþjóðlegra sársambanda og Akstursíþróttasamband Íslands bættist við flokk Þróunarsársambanda. Afrekssársambönd voru því átta, Alþjóðleg sársambönd fjórtán og Þróunarsársambönd tólf.

Fjármögnun afreksstarfs

Undanfarin ár hafa styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ numið um þriðjungi af kostnaði afreksstarfs sársambandanna. Við úthlutun áætluðu sársamböndin 33 sem sóttu um styrk úr Afrekssjóði, að heildarkostnaður afreksstarfs þeirra yrðu tæpar 2.732 mkr. á árinu 2023. Skv. uppgörum og ársreikningum þeirra 32 sársambanda sem hlutu styrk var raunkostnaður afreksstarfsins um 1.719 mkr. og var því um 31% af afrekskostnaði þeirra fjármagnaður af Afrekssjóði ÍSÍ árið 2023.

Á sama tíma og afrekskostnaður sársambanda hefur aukist mikið hafa styrkir til sársambanda úr Afrekssjóði nánast staðið í stað. Byggir það helst á því að framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ hefur haldist nærri óbreytt frá árinu 2019. Framlag ÍSÍ af tekjum frá Íslenskri getspá hækkuðu úr 100 mkr. í 104 mkr. árið 2023 og voru rekstrartekjur sjóðsins alls um 504 mkr.

Líkt og undanfarin ár kemur stærstur hluti fjármögnunar afreksstarfs sársambanda frá ÍSÍ eða 38% og er þetta hlutfall hæst hjá Þróunarsársamböndum eða 49%. Stærri sársambönd gera ráð fyrir að hærra hlutfall tekna komi frá styrktaraðilum og félögum en minni sambönd áætla að sækja hærra hlutfall tekna til iðkenda auk ÍSÍ. Þannig gera Þróunarsársambönd ráð fyrir að sækja rúmlega 25% af sínum tekjum til iðkenda og Alþjóðleg sársambönd rúmlega 20%.

FJÁRMÖGNUN AFREKSSTARFS SÁRSAMBANDA 2023				
	Afreks sársambönd	Alþjóðleg sársambönd	Þróunar sársambönd	Samtals
Frá alþjóðasambandi	7,5%	5,9%	6,9%	6,9%
Frá styrktaraðilum	16,8%	15,6%	4,6%	15,4%
Frá félögum	7,8%	5,0%	9,7%	6,9%
Frá iðkendum	6,0%	20,3%	25,3%	12,6%
Frá öðrum tekjum sársambands	23,8%	17,3%	5,6%	20,1%
Frá öðrum tekjum í gegnum ÍSÍ	9,0%	9,0%	31,3%	10,6%
Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ	29,1%	26,8%	16,5%	27,4%
	100%	100%	100%	100%

Áherslur Afrekssjóðs 2023

Afrekssjóður ÍSÍ gefur út ákveðnar forsendur til sársambanda áður en sótt er um til sjóðsins. Er þar fjallað áhersluatriði hvers árs, hversu hárra styrkja má vænta í ákveðnum afreksþáttum og hversu hátt hlutfall kostnaðar afreksþáttarins er styrkt. Áherslur voru að mestu óbreyttar frá 2022 til 2023 og fólu áfram í sér áherslu á umgjörð afreksíþróttastarfs sársambanda, hæfileikamótun, HM/EM þátttöku, menntun landsliðsþjálfara og dómara og starf heilbrigðisteymis. Helstu breytingar voru þær að heildarstyrkur í ÓL undirbúning hækkaði um 20 mkr. líkt og gerst hefur þegar nær dregur leikum. Þá lækkaði hámarksstyrkur vegna hæfileikamótun hjá Alþjóðlegum sársamböndum úr 1 mkr. í 500 þkr.



Hlutfall styrkja hjá Afrekssérsamböndum hækkaði í nokkrum þáttum úr 50% af kostnaði í 75% líkt og hjá öðrum sérsamböndum. Er þá hámarksstyrkur 75% af kostnaði í öllum afrekspáttum í öllum flokkum fyrir utan að eingöngu 50% af starfsmannakostnaði er styrktur.

Líkt og undanfarin ár er hæstu fjárhæðinni veitt í ferðakostnað á mót erlendis (umfang afreksstarfs) eða 112 mkr.

AFREKSPÆTTIR 2023					
	Afreks sérsambönd	Alþjóðleg sérsambönd	Þróunar sérsambönd	Samtals	%
Grunnstyrkur	19.000.000	14.000.000	5.500.000	38.500.000	7,19%
Starfsmannakostnaður	42.000.000	42.000.000	0	84.000.000	15,68%
Heilbrigðisteymi	28.000.000	12.425.000	1.715.000	42.140.000	7,87%
HM/EM þátttaka	34.500.000	19.500.000	5.750.000	59.750.000	11,16%
HM/EM lokamót í hópíþróttum	10.000.000	0	0	10.000.000	1,87%
Menntun landsliðsþjálfara	2.100.000	2.587.500	900.000	5.587.500	1,04%
Menntun alþj. dómara	2.050.000	2.787.500	0	4.837.500	0,90%
Hæfileikamótun	13.875.000	13.650.000	6.825.000	34.350.000	6,41%
Umfang afreksstarfs	99.950.000	11.950.000	0	111.900.000	20,89%
Einstaklingsstyrkur	26.500.000	12.500.000	2.000.000	41.000.000	7,66%
ÓL/PL undirbúningur	19.000.000	9.000.000	0	28.000.000	5,23%
Yngri lið/einstaklingar	25.000.000	27.500.000	0	52.500.000	9,80%
Aðrir þættir	0	22.000.000	1.000.000	23.000.000	4,29%
Alls	321.975.000	189.900.000	23.690.000	535.565.000	100,00%

Úthlutanir ársins 2023

32 sérsambönd fengu úthlutun úr Afrekssjóði árið 2023. Í grunnúthlutun voru veittir 535,6 mkr. styrkir auk þess sem 5,5 mkr. voru veittar á árinu vegna ófyrirséðs árangurs. Er það um sjö milljónum lægri heildarúthlutun en árið áður. Eftir yfirferð á uppgjöri afreksskostnaðar sérsambanda og ársreikninga voru felldar niður um 10,6 mkr. eða um 2,0% af heildarúthlutun í samanburði við 1,5% árið 2022.

Í reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ kemur fram að leitast skuli við að allt að 75% af styrkuppþæð hvers árs sé veitt til sérsambanda í flokki A/Afrekssérsambanda, allt að 40% til sérsambanda í flokki B/Alþjóðlegra sérsambanda og allt að 15% til sérsambanda í flokki C/Þróunarsérsambanda. Árið 2023 fóru 60% af úthlutun til Afrekssérsambanda, um 35% til Alþjóðlegra sérsambanda og 4,4% til Þróunarsérsambanda. Breyttust þessi hlutföll töluvert á milli ára sökum færslu KKÍ í flokk Alþjóðlegra sérsambanda.




Sérsamband		Heildarúthlutun 2023	Niðurfellingar 2023	Heildarúthlutun 2022	Niðurfellingar 2022
AKÍ	Akstursíþróttasamband Íslands	787.500	287.500	0	0
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	12.150.000	254.443	10.000.000	0
BLÍ	Blaksamband Íslands	9.100.000	200.000	13.000.000	0
BSÍ	Badminton samband Íslands	11.400.000	625.000	10.450.000	544.832
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	1.890.000	434.098	2.250.000	0
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	11.350.000	272.500	11.483.950	188.175
FRÍ	Frjáltsíþróttasamband Íslands	39.550.000	0	36.700.000	0
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	54.700.000	0	64.724.775	0
GSÍ	Golfsamband Íslands	39.400.000	0	36.350.000	118.500
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	1.950.000	500.000	1.750.000	190.688
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	3.300.000	371.354	3.300.000	784.958
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	86.600.000	0	86.600.000	0
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	29.375.000	0	32.050.000	1.320.500
ÍHÍ	Íshokkisamband Íslands	13.300.000	0	13.550.000	0
ÍSS	Skautasamband Íslands	2.300.000	850.000	3.300.000	0
JSÍ	Júðósamband Íslands	11.250.000	678.685	10.200.000	147.935
KAÍ	Karatesamband Íslands	9.475.000	759.303	9.650.000	439.668
KÍ	Klífursamband Íslands	1.925.000	0	1.875.000	375.000
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	35.800.000	0	50.500.000	200.000
KLÍ	Keilusamband Íslands	12.050.000	943.300	12.075.000	1.006.250
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	18.225.000	0	19.050.000	1.250.035
KSÍ	Knaattspyrnusamband Íslands	0	0	0	0
LH	Landssamband hestamannafélaga	12.450.000	200.000	8.500.000	0
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	11.850.000	0	2.300.000	0
MSÍ	Mótorhjóra- og snjósléðaíþróttasamband Íslands	1.575.000	325.000	1.800.000	225.000
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.162.500	0	1.750.000	434.389
SKÍ	Skíðasamband Íslands	36.500.000	1.647.600	42.550.000	10.530
SKY	Skylmingasamband Íslands	11.450.000	0	10.600.000	0
SSÍ	Sundsamband Íslands	39.850.000	0	38.316.758	0
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	11.550.000	1.634.250	8.250.000	1.000.000
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	2.200.000	191.000	0	0
TSÍ	Tennissamband Íslands	2.300.000	275.000	2.300.000	0
ÞRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	4.300.000	183.828	3.300.000	0
	Samtals:	541.065.000	10.632.861	548.525.483	8.236.460

Líkt og árið 2022 voru helstu niðurfellingarþættir heilbrigðisteymi, HM/EM þátttaka og hæfileikamótun en niðurfellingar eiga sér stað, m.a. vegna þess að sérsambönd fara ekki í áætluð verkefni eða kostnaður við þau er lægri en áætlað var.

HELSTU NIÐURFELLINGARÞÆTTIR 2023						
	Heilbrigðisteymi	HM/EM þátttaka	Menntun landsliðsþj.	Réttindi alþj. dómara	Hæfileika mótun	Annað
Heildarúthlutun 2023	42.140.000	59.750.000	5.587.500	4.837.500	34.350.000	388.900.000
Niðurfellingar 2023	5.038.297	2.347.996	901.259	800.000	1.465.039	80.270





Vefsvæði Afrekssjóðs ÍSÍ

Á vefsvæði sjóðsins [Afrekssjóður ÍSÍ \(isi.is\)](https://isi.is), má finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. upplýsingar um stjórnarfólk, samantekt á styrkveitingum síðustu ára, reglugerð sjóðsins, fundargerðir o.fl.

